

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2021–2022

26. janúar 2022

Skýrsla stjórnar

Vegna heimsfaraldursins hefur starf Guðfræðistofnunar að mestu legið niðri síðan á vormisseri 2020. Málstofur hafa t.d. ekki verið haldnar frá því ákvörðun var tekin um niðurfellingu fyrirhugaðrar málstofu á fundi stjórnar 12. 3. 2020.

Ársfundir hafa þó verið haldnir bæði fyrir starfsárið 2019–2020 og 2020–2021. Á tímabilinu hefur stjórn í nokkur skipti haft samráð við aðra félaga í tengslum við kennarafundi deildarinnar en þar hafa ekki verið teknar formlegar ákvarðanir. Í flestum tilvikum hefur verið um viðbrögð við COVID-19 að ræða.

Bæði haustið 2020 og 2021 voru einnig haldin haustmálþing undir hefðbundinn fyrirsögn: „Hvað er í deigluinni?“ Málþingið 2020 var tekið upp og birt á vef (slóð: https://www.youtube.com/watch?v=bMKtaFDlm_o). Málþingið 2021 fór fram í stofu A229 að viðstöddum nokkrum áheyrendum en var jafnframt streymt en þó án upptöku og birtingar.

Þá gekkst stofnunin fyrir málþinginu „Öll á sama báti“ ásamt stofnun Sigurbjörns Einarssonar og í samvinnu við samráðsvettvanginn *Faith for Nature*. Það var haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins 29. október. Annaðist Arnfríður Guðmundsdóttir málþingið f.h. stofnunarinnar.

Stofnunin átti einnig (óbeina) aðilda að málþingi um Sigurbjörn Einarsson á Skálholtshátíð 2021 en þar voru tveir fyrirlesarar úr röðum kennara GTD (prófessorarnir Arnfríður Guðmundsdóttir og Gunnlaugur A. Jónsson). Fleiri slík tilvik hafa komið upp þótt þau séu ekki tíunduð hér.

Loks hafa að venju tvö hefti í Ritröðinni komið út í rafrænu formi.

Á starfsárinu var Pétri Péturssyni prófessors emeritus veitt aukaaðild að Stofnuninni en slík aðild hefur einu sinni verið veitt áður. Var þetta gert á grundvelli breytingar sem stendur fyrir dyrum hjá öllum grunnstofum innan Hugvísindastofnunar (sjá tillögur að starfsreglum fyrir grunnstofur innan Hugvísindasviðs, 4. gr.).

Í lok árs 2021 var greitt út stofnframlag til þverfaglega verkefnisins *Mannréttindi — fjölmennning — trú — loftslagsvá* að upphæð kr. 1000. 000. Var fjárhæðin tekin af Starfssjóði Guðfræðistofnunar og er þetta fyrsti umtalsverði styrkurinn sem greiddur er úr sjóðnum.